



Alþingi
Erindi nr. P /38/1823
komudagur 28.4.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 27. apríl 2010.

Efni: umsögn um 457. mál, þskj. 787, 138. lp., frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis.


Með tölvubréfi dags. 23. apríl 2010, óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um lagaskrifstofu Alþingis.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök lagaskrifstofa Alþingis til þess að fara yfir frumvörp og tryggja að þau séu í samræmi við stjórnarskrá, alþjóðaskuldbindingar og aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Frumvarpið lýtur ekki að málefnum kynjanna að því er virðist, með öðrum hætti en þeim að innifalið í hlutverki skrifstofunnar, verði frumvarpið að lögum, yrði að tryggja samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 eins og önnur lög. Jafnréttisstofa telur það brýnt að almennt verði gætt að meira samræmi í löggjöf, þegar ný lög eru sett.

Annað í frumvarpi þessu heyrir ekki undir starfssvið Jafnréttisstofu og Jafnréttisstofa tekur ekki afstöðu til þess að öðru leyti en að ofan er tilgreint.

Virðingarfyllst

f.h. Jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur